

**Nd.**

**902. Nefndarálit**

[287. mál]

um frv. til laga um breyting á vegalögum, nr. 66. 14. júlí 1975.

Frá minni hl. samgöngunefndar.

Minni hluti samgöngunefndar telur að með frv. þessu viðurkenni ríkisstjórn í reynd algjöra uppgjöf sína í sambandi við framkvæmdir í vegamálum.

Með frv. er lagt til að fella úr gildi þau ákvæði vegalaga að gerð skuli áætlun til fjögurra ára varðandi framkvæmdir við vegi, en þau vinnubrögð hafa að flestra dómi gefist mjög vel.

Með frv. þessu er því stigið stórt skref til baka, sem er vafalaust til hins verra, og ástæða þess er getuleysi hæstvirtrar ríkisstjórnar. Vegáætlun er eitt veigamesta mál þingsins, enda eru samgöngumál einn mikilvægasti þáttur í vexti og viðgangi landsbyggðarinnar.

Það er athyglisvert og dæmigert fyrir vinnubrögð stjórnarflokkanna hér á háttvirtu Alþingi að frv. þetta skuli lagt fram næstisðasta dag þingsins. En þar sem hér er um að ræða ákvörðun meiri hlutans hér á Alþingi og ekki eru líkur á að komið verði í veg fyrir afgreiðslu með þessum hætti, ekki síst vegna þess hve vegáætlun er seint fram komin og ekki hefur gefist nægilegur tími til að reyna til þrautar hvort hægt væri að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstjórn í þessu máli, munu undirritaðir sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 18. maí 1976.

Karvel Pálmason,  
frsm.

Garðar Sigurðsson.